

Kostir MQC-C:

- Heilbrigðari kýr
- Hámörkun tekna
- Frumutalningarmörkum náð
- Komið í veg fyrir aukakostnað
- Greiður aðgangur að mikilvægum upplýsingum
- Dagleg sýnataka úr öllum kúm

Lely, Astronaut, Astri, Atlantis, C4C, Calm, Caltive, Capsule, Commodus, Compedes, Cosmix, Dairywise, Discovery, F4C, Gravitator, Grazeway, Hubble, I-flow, InHerd, Juno, L4C, Lely Center, Lelywash, Luna, Nautilus, Orbiter, Quaress, Qwes, Shuttle, T4C, Vector, Viseo, Voyager og Walkway eru skráð vörumerki Lely Group.

Lely áskilur sér allan rétt að því er varðar vörumerki í eigu Lely. Öll óleyfileg notkun á vörumerki í eigu Lely, eða notkun á vörumerki sem er nægilega áþekkt vörumerkjum Lely til að valda hugsanlega ruglingi, eða er líklegt til að vera ruglað saman við vörumerki í eigu Lely, telst brot á einkarétti Lely. Allur réttur áskilinn. Upplýsingar í þessu riti eru einungis settar fram í upplýsingaskyni og ber ekki að líta á þær sem sölutilboð. Tilteknar vörur kunna að vera ófánlegar í einstökum löndum og vörur frá birgjum kunna að vera aðrar en hér er sýnt. Óheimilt er að afrita eða gefa út rit þetta, að hluta eða í heild, og gildir það um prent, ljósrit, örfilmu eða hvers konar annað útgáfuform, án skriflegs leyfis Lely Holding S.à r.l. Þótt efni þessa rits hafi verið unnið eins vandlega og framast var unnt verður Lely ekki sótt til ábyrgðar vegna nokkurs þess tjóns eða skaða sem kann að verða vegna meintrar villu eða mistaka í þessu riti.



Galdurinn á bak við heilbrigð júgur

Gæðamjólk kemur úr heilbrigðum júgrum. Fáðu skýra innsýn í heilbrigði júgra og gerðu þér ljóst hvenær er nauðsynlegt að grípa til aðgerða. Júgurbólga er alvarlegur sjúkdómur í mjólkurkúm. Náðu góðum tókum á júgurheilbrigði gripanna og dragðu um leið úr kostnaði!






Tryggðu góðan rekstur með snemmbúinni greiningu og meðferð júgurbólgu

Sjálfbærni og arðsemi í rekstri er mjög mikilvæg. Heilbrigðar kúr og stjórn á arðsemi eru að okkar mati mikilvægir þættir í því að þú náir markmiðum þínum.

Júgurbólga er kostnaðarsamasti sjúkdómurinn á kúabúum. Þessi bakteríusýking skerðir heilbrigði kúa sem aftur dregur úr nyt, veldur aukinni þörf á förgun, hækkar dánartíðni, veldur meira vinnuálagi og krefst fleiri eldisgripa á býlinu. Meðalkostnaður vegna hvers tilviks sýnilegrar júgurbólgu eru 566 bandaríkjadalir samkvæmt niðurstöðum kanadískrar rannsóknar. Rannsóknin leiddi í ljós að meðalkostnaður einkennalausrar og sýnilegrar júgurbólgu í 100 kúa hjörð er 52.942 bandaríkjadalir á ári (Mahjoob Aghamohammadi, 2018). Þess vegna er mikilvægt að þú hafir stjórn á júgurheilbrigði kúnna þinna til að tryggja aukið heilbrigði júgra og meiri arðsemi!

Kostnaður vegna júgurbólgu / 100 kúr – á ári



- Fyrirbyggjandi ráðstafanir 10.477 \$
- Sýnileg júgurbólga 19.889 \$
- Dulin júgurbólga 34.859 \$

Heimild: Mahjoob Aghamohammadi, D. H. (2018). Herd-Level Mastitis-Associated Costs on Canadian Dairy Farms. *Frontiers in Veterinary Science*, 12.

MQC-C

Þú þarft að hafa réttu verkfærin til að greina bakteríusýkingu á byrjunarstigi í því skyni að draga úr kostnaði vegna júgurbólgu á býlinu og bæta heilbrigði kúnna. MQC-C (Milk Quality Control – Cellcount), búnaður til mjólkurgæðastjórnunar og frumutalningar, tryggir að þú ert við stjórnvölinn. MQC-C býður upp á einstaka, sjálfvirka og snjalla leið til að fylgjast með frumutalningu hjá öllum mjólkurkúnum þínum. Búnaðurinn tryggir þér nákvæma frumutalningu hjá öllum kúm á hverjum degi og meðalkostnaður á kú er aðeins 9,5 bandaríkjadalir á ári. MQC-C greinir frumutalningu með nákvæmri seigjustigsmælingu mjólkursýnis sem blandað hefur verið með prófefni. Niðurstöðurnar eru birtar í T4C. Há frumutalning hjá kú kveikir sjálfvirka áminningu í heilsufarsskýrslunni. Með snemmbúinni greiningu er hægt að grípa til skilvirkrar meðferðar til að endurheimta heilbrigði kúnna.

Árangur á býli

Byggt á reynslu Lely-bænda víðs vegar um heiminn

- greining allt að sex dögum fyrr
- meðferð hefst að meðaltali einum degi fyrr
- hraðari endurheimt
- fleiri meðferðir sem heppnast á ári




Athugið: Meðalkostnaður MQC-C á kú sem tilgreindur er hér að ofan kann ekki að eiga við öll býli.

Sýnidæmi af vettvangi

Mjólkurgæðastjórnun með MQC (Milk Quality Control) er frábær aðferð við að greina breytingar á leiðni mjólkur. Aftur á móti er leiðnimæling ekki alltaf besta aðferðin við að greina sýkingar. Reynslan hefur sýnt að stundum hefur breyting á leiðni mjólkur ekkert með sýkingu að gera. Enn fremur hefur komið í ljós að sýktar kúr sýna ekki breytta leiðni mjólkur á fyrstu stigum sýkingarinnar.

Fyrri grafið sýnir T4C-gögn frá viðskiptavini Lely. Í þessu dæmi birti MQC-C viðvörðun á undan MQC; bóndinn hóf meðferð á kúnni áður en leiðni mjólkurinnar breyttist. Þegar MQC og MQC-C eru notuð saman er hægt að greina sýkingu á allra fyrstu stigum hennar.

Seinna grafið er dæmi um T4C-gögn frá viðskiptavini Lely sem sýnir tiltekið mynstur í frumutalningu. Þegar frumutalning er framkvæmd einu sinni í mánuði er hættu á að sýkingar greinist ekki með aukinni hættu á að fleiri kúr þjáist af einkennalausri júgurbólgu. MQC-C tekur daglegt sýni hjá öllum kúm.



Upplýsingar úr MQC-C gera þér kleift að greina og hefja meðferð við júgurbólgu fyrr, sem skilar sér í hraðari endurheimt kúa og meiri mjólk í tankinum.

Athugið: Ávallt skal láta greina bakteríur til að greina orsök sýkingarinnar.